

# STEFNUMÓTUN OG STJÓRNUN Á SVIÐI LÝÐHEILSU E-705-PADP



**Ár:** 1. ár

**Önn:** Vorönn

**Tegund námskeiðs:** Skylda

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 6 vikna námskeið

**Kennari:** Hanna Katrín Friðriksson og Þór Clausen

**Lýsing:** Stefnumótun og stjórnun á sviði lýðheilsu er hagnýtt námskeið þar sem þátttaka nemenda og verkefnavinna leikur stórt hlutverk. Á námskeiðinu verða kynnt helstu grunnhugtök og viðfangsefni í stefnumótun og stjórnun og þau tengd viðfangsefnum á sviði lýðheilsu. Eftir því sem námskeiðinu vindur fram verður áhersla lögð á að setja efnið í íslenskt samhengi. Þannig verður uppbygging íslenska heilbrigðiskerfisins kynnt sérstaklega og farið ofan í það hvar völdin liggja, hverjir hafa áhrif á stefnumótun, ákvarðanir og framkvæmdir. Þá verður líka fjallað um það hvaða þættir ráða úrslitum um það hvort stefna nái fram að ganga og verkefni komist til framkvæmda. Meðal þeirra verkefna sem nemendahópar vinna í námskeiðinu má nefna fyrirlestra um styrkleika og veikleika í stjórnkerfi lýðheilsu og stefnumótun og verkefni á sviði lýðheilsu á Íslandi. Þá munu nemendahópar taka mótun stefnu eða verkefni á einstökum sviðum lýðheilsu til gagnrýnnar skoðunar og kynna niðurstöður sínar í fyrirlesturum. Allir hópar skila jafnframt niðurstöðum sínum í stuttri skýrslu. Að lokum munu allir nemendur vinna einstaklingsverkefni í formi verkefnaáætlunar í stefnumótun eða stjórnun á sviði lýðheilsu.

**Námsmarkmið:** Markmið námskeiðsins er:

- að búa nemendur undir að taka að sér leiðandi hlutverk og/eða ráðgjafastörf við stefnumótun og stjórnun á sviði lýðheilsu,
- að nemendur þekki til lykilþátta sem skipta máli til að stefna komist til framkvæmda og verkefni verði árangursrík,
- að nemendur þekki til grundvallaratriða stjórnunar: árangursstjórnunar, breytingastjórnunar, mannauðsstjórnunar, verkefnastjórnunar og hlutverks leiðtoga,
- að nemendur fái reynslu af gerð verkefnaáætlana og undirbúningi stefnumótunar þar sem byggt er á niðurstöðum vísindalegra rannsókna,
- að nemendur skilji hvernig og hvar ákvarðanir á sviði lýðheilsu eru teknar, hvað ræður því hvaða viðfangsefni komast á dagskrá stjórnvalda og hvers vegna mótuð stefna kemst ýmist til framkvæmda eða ekki,
- að nemendur geti lagt faglegt mat á verkefnaáætlanir á sviði lýðheilsu.

---

**Námsmat:** Ekkert próf verður haldið í námskeiðinu. Námsmat byggist á hópverkefni (kynning og skýrsla) og einstaklingsverkefni. Að auki mun kennari veita endurgjöf vegna þátttöku í tímum og jafningjamat verður lagt á fyrirlestra og verkefni. Viðmiðanir í námsmati verða nánar ræddar í upphafi námskeiðs.

**Lesefni:** Tilkynt síðar

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, umræður og kynningar nemenda

**Tungumál:** Íslenska

**ECTS:** 10